

Fimmtudaginn 18. maí 1989.

Nr. 37/1988.

Ásta Bjarnadóttir

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Alexiu Gísladóttur

Ásgeiri Gíslasyni

Kolbeini Gíslasyni og

Páli Gíslasyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Fasteignir. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988. Dómkröfur hennar eru þær aðallega, að viðurkenndur verði réttur sinn til að gera akfæran veg um land stefndu að sumarbústaðarlóð sinni við Álftavatn í Grímsnesi frá braut nr. 6, eins og sýnt er á uppdrætti, sem fram hefur verið lagður, og að hafa umferðarrétt um veginn, m.a. fyrir bifreiðar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að viðurkenndur verði réttur sinn til að gera og hafa umferðarrétt um akfæran veg um land stefndu á stað, sem Hæstiréttur ákveður. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómendur hafa gengið á vettvang ásamt lögmönnum aðila.

Kröfur áfrýjanda í máli þessu eru byggðar á afsali því, sem getið er í héraðsdómi og dagsett er 25. nóvember 1944. Varða þær ekki 6. kafla vegalaga, nr. 6/1977. Kröfurnar verður að skýra svo eftir málflutningi hér fyrir dómi, að áfrýjandi geri ekki í þessu máli kröfu um viðurkenningu á rétti til að gera akfæran veg, þar sem nú er vegslóði frá suðvesturhorni lands hennar að braut 6. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnæssýslu 9. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember sl., er höfðað með framlagningu stefnu í dómi 25. júní 1986.

Stefnandi er Ásta Bjarnadóttir, Glæsibæ 7, Reykjavík (0756-3337).

Stefndu eru Alexía Gísladóttir (0226-7594), Miðvangi 159, Hafnarfirði, Ásgeir Gíslason (0663-7167), Austurgötu 16, Hafnarfirði, Kolbeinn Gíslason (5648-1699), Miðtúni 9, Reykjavík, og Páll Gíslason (7005-5481), Miðtúni 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

aðallega að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera akfæran veg um land stefndu að sumarbústaðarlóð stefnanda við Álftavatn í Grímsnesi frá braut nr. 6, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdraetti, og hafa umferðarrétt um veginn, m.a. fyrir bifreiðar, en

til vara að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera og hafa umferðarrétt um akfæran veg um land stefndu að sumarbústaðarlandi stefnanda á einhverjum þeim stað sem dómurinn ákveður.

Auk þess gerir stefnandi þá kröfu að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til söluskatts auk kostnaðar við ferðir vegna þinga í málinu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af dómkröfum, eins og þær eru settar fram í stefnu, og málskostnaðar og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til ákvæða laga um söluskatt.

Með afsali, dagsettu 25. nóvember 1944, seldi Gísli Sigurðsson, faðir stefndu, Elísabetu Helgadóttur, móður stefnanda, 10.000 fermetra spildu úr landi er Gísli hafði keypt úr landi Miðengis í Grímsneshreppi. Stefnandi eignaðist síðan spildu þessa við erfingjaskipti eftir foreldra sína sem bæði eru látin. Í afsalinu segir m.a.: „Réttur til vegar og neysluvatns fylgir.“

Spilda stefnanda er umkringd öðrum spildum og eiga stefndu land austan og norðan við spilduna. Vestan við er spilda Tómasar Kristjánssonar og sunnan spilda Margrétar og Sigríðar Óskarsdætra. Milli þessara spildna liggur vegslóði að landi stefnanda frá svokallaðri braut 6. Vegslóði þessi er um 200 metra langur og ófær ökutækjum, en um hann má ganga að landi stefnanda svo og landi stefndu fyrir austan land stefnanda.

Fram er komið í málinu að í fyrstu var öll umferð að landi stefnanda

og stefndu um slóða þennan, en síðar var farið um akfæran veg um land stefndu fyrir austan land stefnanda, en á árinu 1953 var stefnanda og fjölskyldu hennar bönnuð umferð um land stefndu.

Stefnandi hófst handa um að fá viðurkenndan rétt til þess að geta ekið að bústað sínum og spildu á árinu 1982, en þá lést móðir hennar og ber hún því við að ekki hafi verið hafist handa fyrr, þar sem móðir sín hafi verið sjúklingur árum saman.

Aðalkrafa stefnanda er, að viðurkenndur verði réttur sinn til að gera akfæran veg um land stefndu sem komi að norðvesturhorni spildu stefnanda og liggja þaðan með vesturmörkum lands stefndu og um vegstæði milli landa Leifs Einarssonar og Einars Leifssonar annars vegar og Jóns Ólafssonar hins vegar skv. uppdrætti á dskj. nr. 7.

Því er haldið fram, að þarna hafi verið fyrirhugað, að vegur skyldi liggja að landi stefnanda og grjót hafi verið tínt úr vegarstæðinu.

Þessu er mótmælt af stefndu, sem segja að þarna hafi einungis verið gengið á milli bústaða sem faðir þeirra hefði átt.

Stefnandi byggir á því að skilja verði ákvæði í afsalinu til móður sinnar í dskj. nr. 3 svo að hún eigi rétt til að fara um land stefndu með akfæran veg, enda sé landið sér ónýtanlegt að öðrum kosti.

Ljóst sé, að ekki verði gerður akfær vegur um slóða þann, sem liggur að suðvesturhorni lands síns. Hins vegar megi gera akfæran veg um stæði það, sem liggur að norðvesturhorni lands síns.

Verði ekki á það fallist að stefnandi eigi rétt til vegagerðar á þeirri spildu, telur stefnandi að heimilt sé að ákvarða aðra leið með ákvörðun dómsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að vegur sá, sem liggja frá braut 6 milli landa 3 og 4 annars vegar og nr. 5 hins vegar, sbr. dskj. nr. 7, sé sá vegur, sem stefnandi eigi rétt til skv. afsali á dskj. nr. 3. Á þeim tíma, sem faðir stefndu afsalaði spildunni, hafi aðrar kröfur verið gerðar til vegar en nú og ljóst sé, að aðilar hafi þá talið veginn fullnægjandi, enda komi fram í málinu að umferð með efni til byggingar sumarbústaða hafi verið um veginn. Ýmist hafi menn borið efni á bakinu eða á klyfjapestum.

Niðurstaða.

Stefnanda hefur ekki tekist að sanna, að vegarstæði það, sem hún gerir kröfu til í aðalkröfu sinni, hafi átt að nota til lagningar vegar að landi hennar.

Þá þykir ekki fram komið í málinu að aðilar að kaupunum á spildu stefnanda hafi gert ráð fyrir að bílfær vegur lægi að spildu stefnanda, heldur verður að miða við, að margnefndur vegslóði frá suðvesturhorni lands stefnanda að braut nr. 6 hafi þótt fullnægjandi og við hann sé átt í afsali.

Ekkert kemur fram af gögnum málsins, sem sanni að forveri stefndu hafi tekið á sig skuldbindingar um, að bílfært yrði að landi stefnanda.

Með hliðsjón af framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu kr. 50.000,00 upp í málskostnað og er tekið tillit til ákvæða laga um söluskatt.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Alexía Gísladóttir, Ásgeir Gíslason, Kolbeinn Gíslason og Páll Gíslason, skulu sýkn af kröfum stefnanda, Ástu Bjarnadóttur. Stefnandi greiði stefndu kr. 50.000,00 upp í málskostnað.
